



Borgarráð

**Viðauki við fjárhagsáætlun 2023****1. Barnavernd – tillaga um stöðugildi**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 26.000 þ.kr. til að halda núverandi mönnun í Barnavernd Reykjavíkur. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-26.000
VEL	xxx	Barnavernd Reykjavíkur	Til	26.000
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

**Greinargerð:**

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 29. júní 2023 liður 25, mál VEL23050014 þar sem samþykkt var að auka útgjaldaramma Barnaverndar Reykjavíkur um 45.000 þ.kr. á árinu 2023 til að halda núverandi mönnun. Af 45.000 þ.kr. yrðu 26.000 þ.kr. fjármagnaðar úr borgarsjóði og 19.000 þ.kr. yrði fjármagnað í gegnum samninginn um samræmda móttöku flóttafólks.

**2. Ás styrktarfélag - kjarabætur**

Lagt er til að fjárheimildir velferðarsviðs hækki um 87.170 þ.kr. vegna kjarasamningsbundinna hækkana. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09126, launa- og starfsmannakostnaður.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09126	Launa- og starfsm.kostnaður	Frá	-87.170
VEL	xxx	Ás styrktarfélag	Til	87.170
Samtals				0

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

**Greinargerð:**

Velferðarsvið hefur óskað eftir auknum fjárheimildum til að standa straum af kostnaði vegna kjarabóta umfram það sem hefur verið fjármagnað í ramma sviðsins vegna

kjarasamningshækkunar. Samningsgreiðslur til Ás hækkuðu þann 1. apríl úr 141.003 þ.kr. í 150.689 þ.kr. á mánuði. Samtals fjárhæð 87.170 þ.kr. vegna 9 mánaða árið 2023.

### 3. Vinnuskóli Reykjavíkur

Lagt er til að fjárheimildir umhverfis- og skipulagssviðs hækki um 95.000 þ.kr. vegna launakostnaðar nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur 2023. Kostnaðaraukinn verði fjármagnaður af kostn. st. 09205 ófyrirséð.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ÖNN	09205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-95.000
USK	xxx	Vinnuskóli Reykjavíkur	Til	95.000
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Jafnréttisskimun hefur farið fram og ekki er talið þörf á jafnréttismati.

#### **Greinargerð:**

Vísað er til samþykktar borgarráðs frá 15. júní 2023 liður 4, mál USK23060109 þar sem samþykkt var 95.000 þ.kr. viðbótar fjárheimild vegna launakostnaðar nemenda Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2023. Viðbótar kostnaður umfram áætlun umhverfis- og skipulagssviðs er tilkominn vegna fjölda nemenda og taxtahækkunar hjá nemendum sem samþykkt var fyrir sumarið 2022.

### 4. Innri leiga fasteigna, áhalda og tækja og leiga gatna

Lagt er til að fjárheimildir fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu hækki um 226.671 þ.kr. vegna innri leigu. Á móti verða tekjur Eignaskrifstofu hækkaðar um sömu fjárhæð, eða 226.671 þ.kr. Fjárhæð er með fyrirvara um endanlega niðurstöðu innri leigu.

Svið	Kostn.st.			Fjárhæð (þkr.)
ESR	xxx	Innri leiga - tekjur	Tekjur	-226.671
FAS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	1.869
MÍR	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	31.439
ÖNN	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-10.705
RHS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	208
SFS	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	126.019
USKRK	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	54.825
VEL	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	4.311
ÞON	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	24.892
ESR	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-1.334
USKES	xxx	Innri leiga - gjöld	Gjöld	-4.852
<b>Samtals</b>				<b>0</b>

Breytingin hefur ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu eða fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu. Ekki er þörf á jafnréttisskimun.

**Greinargerð:**

Lagt er til að sviðin fái fjárheimildir til að mæta þeirri umframhækkun verðlags umfram forsendur fjárhagsáætlunar. Á móti eru tekjur Eignaskrifstofu hækkaðar um sömu fjárhæð og því hefur tillagan ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu né fjárflæði A-hluta Reykjavíkurborgar eða samstæðu.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri